

Á snjópungum febrúardegi hittust félagskonur Gammadeildar með nokkrum gestum úr öðrum deildum í Setbergsskóla í Hafnarfirði, fimmtudaginn þann áttunda.

María Pálmadóttir skólastjóri Setbergsskóla bauð konur velkomnar og Ingibjörg formaður setti fundinn með því að tendra á kertunum þremur.

María hóf manntal og voru 22 félagskonur mættar, auk 6 gesta:

Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Edda Pétursdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir, Guðný Helgadóttir, Hanna Halldóra Leifsdóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Renata Emilsson Peskova, Sigríður Jónsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Gestirnir sex komu úr fimm deildum:

Fanney Dóróthea Halldórsdóttir og Guðbjörg Sveinsdóttir Þetadeild, Ingibjörg Ásgeirsdóttir Lambadeild, Marsibil Ólafsdóttir Kappadeild, Hrunn Logadóttir Alfadeild og Kristín Helga Guðnadóttir, Etadeild.

Hrefna Sigurjónsdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún er framkvæmdastjóri Heimilis og skóla og voru henni mörg málefni hugleikin, t.a.m. brýn þörf á að styrkja gagnrýna hugsun hjá öllum, ekki bara nemendum. Netumhverfið er spennandi og því fylgja margir kostir en einnig gallar. Auðvelt er að leita upplýsinga og samskipti greið, umhverfið flókið, hraðinn gríðarlegur og dreifing þar með og ígrundun á sekúndubroti er erfið. Það sem þarf að varst eru upplýsingar sem gefa ranga mynd, gabbfréttir sem og falskar fréttir, netglæpamenn færa sig því miður upp á skaftið og gæði í myndvinnslu verða stöðugt betri sem auðveldar fölsun. Til þess að koma í veg fyrir þess konar upplýsingamengun er nauðsynlegt að vera læs á hvað er satt og logið. Þar kemur inn gagnrýna hugsunin og miðlalæsi. Hún sagði jafnframt að færni til að nota ólíka miðla sé framarlega í menntunarstefnu landa í kringum okkur. Áherslan er ekki einungis tengd netöryggi heldur líka miðlalæsi og gagnrýnni hugsun, ásamt áherslu á góð gildi. Samtökin Heimili og skóli leggja áherslu á fræðslu um netöryggi, svokallað SAFT en þörf er á að móta stefnu til að efla miðlalæsi í menntun í gegnum öll skólastigin. Þetta er nátengt lýðræði og staðreyndin er að margt ungt fólk á erfitt með að greina á milli auglýsinga og fréttar. Finnar eru komnir á veg með að móta stefnu og enn hægt að læra af þeim.

Í lokin nefndi hún nýju iðnbyltinguna og hvernig hæfni við þurfum á að halda eftir nokkur ár þegar spáin er að 65% starfa sem við þekkjum nú verði ekki lengur til. Því er brýn þörf að ala upp kynslóð sem er lausnamiðuð og skapandi, að samskipti séu heiðarleg og gagnrýnin hugsun í fyrirrúmi. Nauðsynleg hæfni er og verður að greina mörg sjónarmið fljótt og þá þurfa siðferðisleg gildi að vera á hreinu.

Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga flutti fyrirlestur sem bar yfyrskriftina: „Hvað er svona merkilegt við það...að vera kennari?“ Sjálf er Svandís kennaramenntuð í grunninn, starfaði sem kennari og síðan skólastjóri, menntaði sig í námsráðgjöf og eftir nokkur ár við ráðgjöf og nám í opinberri stjórnsýslu lá leiðin til SÍS. Hún er jafnframt nýr meðlimur í Alfadeild.

Hún sagði að Sambandið hefði metnað til þess að sinna faglegum þáttum um skólamál og sem dæmi um það hafa fleiri stöðugildi bæst við síðustu ár. Áhyggjurnar núna eru lítil nýliðun meðal kennara og taldi hún nauðsynlegt að allir sem vinna að skólamálum þurfi að vera samstíga í aðgerðum en líka í orðræðu. Starfið hefur breyst og verkefnum fjölgað. Hún væri sjálf t.a.m. ekki tilbúin að stökkva inn í afleysingar þar sem hún hefur ekki verið lengi á vettvangi. Hún spurði: Hvar eru týndu kennararnir, hvers vegna skila þeir sér ekki inn í skólana? Hún sýndi athyglisverða könnun um nemendur sem útskrifuðust á árunum 2000-2012. Helmingur þeirra er að vinna í fræðslustörfum, hinn helmingurinn dreifist um víðan völl. Sambandið er að vinna með Menntavísindasviði HÍ og HA og reyna að stilla saman strengi. Þar hafa komið til umræðu m.a. ívilnanir á námslánum, að ákveðinn kennsluréttindi fáið með B.Ed. stiginu og að lengri tímabil í meistaranáminu verði á vettvangi kennslu undir handleiðslu leiðsagnarkennara. Svandís sagði að nú væri lag og umræðan hefur verið meiri, enda brýn. Aðrar tillögurnar sem snúa beint að kennurum sjálfum eru að gera kennurum kleift a helga sig kennslu og þróun hennar. Efla skólastjórnendur sem faglegt forystuafli. Fjölga mögulegum til starfsþróunar samliða starfi og launuðum námsleyfum. Hún talaði um að endurskoða þyrfti hlutverk, verkswið og skyldur kennara. Að kennarar og skólar verði að hafa aðganga að þverfaglegri stoðþjónustu, kennsluráðgjöf og handleiðslu.

Þá sneri hún sér að ímynd kennarastarfsins og sagði að snúa yrði við blaðinu hvernig talað væri um kennarastarfið. Telur að umræða um faglega uppbyggingu ímyndar hvernar stéttar eigi upptök hjá henni sjálfri því þar sé grunnurinn lagður. En lagði jafnframt áherslu á að ábyrgð allra hagsmunaaðila skólastarfs í landinu að leggja við hlustir, meta störfina að verðleikum og tala með stolti um skólastarf.

Hún lauk sínu erindi með því að segja að forsenda framfara væri öflugt menntakerfi. Hún væri fremur bjartsýn þar sem að ríkisstjórnin boði stórsókn í menntamálum í sínum nýja stjórnarsáttmála.

Ákveðið var að fyrirspurnir til Svandísar yrðu eftir veitingar sem voru í boði stjórnar og Setbergsskóla.

Í fyrirspurnum kom fram hve orðræðan skipti máli og framsetning. Hvort litið er á glasið hálf fullt eða hálf tómt. Einnig kom fram að það aftraði framförum í skólamálum að skipulagi sé breytt aftur og aftur og engan veginn gott þegar verið sé að breyta breytinganna vegna. Í lok umræðna sagði Svandís frá því að á Skólamálaþingi í haust voru fundargestir beðnir um að velta fyrir sér hvort þeir myndu hvetja barn sitt eða barnabarn til að verða kennari og með hvaða rökum.

Þetta er allar athygli vert og gott fyrir okkur félagskonur að velta þessari spurningu fyrir sér.

Ingibjörg formaður þakkaði Svandísi fyrir með rós andríkis og sköpunargáfu og einnig fékk María Pálmadóttir rós fyrir gestrisni á sínu öðru heimili. Þá minnti hún á vorþingið á Egilsstöðum og heimsþingið í Texas á sjálfum höfuðstöðvum samtakanna.

Áður en formaður sleit fundi með því að slökkva á kertunum þremur var þorrapræll
Fjallaskáldsins sunginn hárri raust og þar með héldu félagskonur og gestir þeirra heim á leið á
frostköldu kvöldi.

Fundargerð ritaði
Edda Pétursdóttir